Reykjavíkurborg

Reykjavík, 24. apríl 2024
USK24040154

Borgarráð

***Gatna- og stígagerð í Skógarhlíð.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir í Skógarhlíð.
Kostnaðaráætlun 2 er 455 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkur 145 m.kr.
Áætlaður framkvæmdatími er júní 2024 – maí 2025.

Greinargerð:
Verkið er samstarfsverkefni með Veitum og er hluti af verkefnum hjólreiðaráætlunar og samgöngusáttmála.
Verkið felur í sér hliðrun akstursgötu í Skógarhlíð og gerð göngu- og hjólastíga við Skógarhlíð og við Flugvallarveg.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.
Kostnaðarstaður: 3106
Kostnaðaráætlun 2: 455 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkur 145 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
*Umhverfis- og skipulagssvið*
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:
Kynning

# Gatna- og stígagerð i Skógarhlíð

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

# Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér hliðrun akstursgötu í Skógarhlíð og gerð göngu- og hjólastíga meðfram götunni og við Flugvallarveg. Einnig þarf að steypa stoðvegg við bílaplan í Skógarhlíð og gera stígtengingu við Eskihlíð.
- Leggja þarf nýjar safnlagnir fyrir yfirborðsvatn, gera ný niðurföll og ganga frá brunnum og tengingum.
- Þá þarf að færa háspennustreng og jarðstrengi fyrir götulýsingu ásamt því að taka niður og setja upp ljósastólpa.
- Ekki þarf að loka fyrir umferð meðan á framkvæmdum stendur.




# Yfirlitsmynd 1




# Yfirlitsmynd 2

# Kostnaður og verktími

Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum og er hluti af samgöngusáttmála.

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 455 mkr. og þar af er hlutur Reykjavíkurborgar 145 mkr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í júní 2024  og áætlað að þeim ljúki í maí 2025.

# Markmið og stefna

Framkvæmdin styður við stefnu Reykjavíkurborgar um að greiða fyrir umhverfisvænum samgöngum og er hluti af verkefnum hjólreiðaáætlunar og samgöngusáttmála.



Reykjavík